

Þorleifur Eiríksson<sup>1</sup>, Guðmundur Víðir Helgason<sup>1</sup> og Þorleifur Ágústsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup> RORUM, <sup>2</sup> IRIS

## Botndýrasamfélög utan og innan þverunar í Dýrafirði

### Útdráttur

Botndýrasamfélög voru könnuð utan og innan þverunar í Dýrafirði 2015 og niðurstöður þeirrar rannsóknar bornar saman við rannsókn sem gerð var fyrir þverun fjarðarins árin 1984 og 1985. Í rannsókn á botndýrasamfélögum innan brúar 2007 bentu niðurstöður til þess að lífsskilyrði hefðu batnað eftir þverun. Niðurstöður rannsóknarinnar frá 2015 benda til að tegundaauðgi hafi ekki breyst markvert en fjöldi einstaklinga hafi aukist bæði utan og innan þverunar. Tilgáta um að breyttir straumar við þverunina hefðu bætt lífsskilyrði innan brúar var því ekki staðfest. Því er þó ekki hafnað því sýnatökustöðvar utan og innan þverunar eru í svipaðri fjarlægð frá þveruninni og því gætu breyttir straumar einnig bætt lífsskilyrði utan þverunar.

RORUM ehf

Brynjólfsgata 5, 107 Reykjavík, +354 577 3337, [rorum@rorum.is](mailto:rorum@rorum.is), [www.rorum.is](http://www.rorum.is)